

# Verkefni sem skila skal með umsókn

Eins árs fornám fyrir þá sem lokið hafa stúdentsprófi

## Verkefni 1. / Útsýnismynd - blýantsteikning

Gerðu blýantsteikningu af **útsýni út um glugga**. Teiknaðu myndina þannig að umgjörð gluggans (gluggasýlla/gluggakarmur) komi fram á henni.

Myndinni af teikningunni á að fylgja ljósmynd af glugganum með útsýninu.

## Verkefni 2. / Uppstilling í lit

Teiknaðu og málaðu uppstillingu. Uppstillinguna skal fyrst teikna lauslega með blýanti og síðan lita með vatnslitum, gouache, akrýl eða öðrum litum.

### Leiðbeiningar:

1. Í uppstillinguna þarft þú að útvega pottaplöntu (eða blóm eða ávöxt), box eða kassa og notaðu klæði (t.d. dúk,) sem bakgrunn. Þú mátt setja fleiri hluti ef þú vilt.
2. Raðaðu hlutunum þannig að þeir myndi áhugaverða myndbyggingu.
3. Horfðu vel á formin í uppstillingunni og teiknaður lauslega á blað. Gættu þess að koma heildarmyndinni vel fyrir á blaðinu og að teikningin sé ekki of smá á blaðinu.
4. Skoðaðu innbyrðis afstöðu hlutanna og reyndu að gera skýra grein fyrir því hvernig hlutirnir eru staðsettir í rýminu.
5. Málaðu teikninguna og reyndu að gera grein fyrir formum, skuggum og litbrigðum með litnum.
6. Taktu mynd af uppstillingunni, teikningunni áður en málað er og síðan af fullgerðri mynd.

## Verkefni 3. / Hugmyndavinna – frjálst verkefni

Veldu ljóð eða stuttan texta sem kveikju/innblástur að sjálfstæðu verkefni. Efnisval og vinnubrögð eru frjáls (teikning, ljósmynd, video, skúlptúr, samklipp, o.s.frv.). Notast má við hvaða efnivið sem er við úrlausn verkefnisins.

### Leiðbeiningar:

1. Hugaðu að inntaki og merkingu textans og veltu fyrir þér þeim hughrifum sem vakna. Útfærðu frjálst verk með hverju því efni og áhöldum og í hvaða formi sem er út frá textanum og þinni túlkun á honum.
2. Skrifaðu nokkrar línur sem skýrir hvers vegna þessi texti varð fyrir valinu og hvaða áhrif hann hafði á þig.
3. Sendu textann sem varð fyrir valinu ásamt því sem þú skrifaðir og myndum af lokaverkinu.